

**Ed.**

**14. Frumvarp til laga**

**[14. mál]**

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

**1. gr.**

Á eftir aa-lið 3. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

bb. Að fella niður aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Stjórnarfrumvarp samhljóða þessu frumvarpi var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Á 2. þingi Norðurlandaráðsins í ágúst 1954 var því beint til hlutaðeigandi ríkisstjórna að koma á hjá sér tollfrjálsum innflutningi þeirra menningartækja, sem talin eru í 1. gr. frv. Til þess að svo megi verða hér á landi, þarf að breyta nógildandi tollskrárlögum. Fer ríkisstjórnin með frv. þessu fram á heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af vörum þessum.